

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/1717****2025/EES/17/41****frá 27. júní 2023**

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB að því er varðar tækniforskriftir fyrir hleðslutengi og hleðslusamskiptareglur fyrir alla flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem hægt er að endurhlaða með hleðslusnúru (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/53/ESB er að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins að því er varðar þráðlausan fjarskiptabúnað.
- 2) Til að samræma hleðsluskilfleti og hleðslusamskiptareglur fyrir tiltekna flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar og til að tilgreina kröfur um sölu þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hleðslutækja hans saman í pakka og um upplýsingarnar sem veita skal neytendum og öðrum endanlegum notendum var tilskipun 2014/53/ESB breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2380 ⁽²⁾.
- 3) Í kjölfar breytinga á tilskipun (ESB) 2022/2380 skapar tilskipun 2014/53/ESB einnig grundvöll fyrir aðlögun þessara krafna að framförum á sviði vísinda og tækni eða markaðsþróun í framtíðinni til að tryggja sameiginlega lágmarks-samvirkni milli þráðlauss fjarskiptabúnaðar og hleðslubúnaðar fyrir hann, sem og til að auka þægindi fyrir neytendur, draga úr umhverfissóun og koma í veg fyrir uppskiptingu markaðarins.
- 4) Að því er varðar samræmingu hleðsluskilflata og hleðslusamskiptareglna fyrir hleðslu með hleðslusnúru er þess krafist í fyrstu undirgrein 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2014/53/ESB að þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem fellur undir flokka eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem tilgreindar eru í I. hluta I. viðauka a, sé þannig smíðaður að hann samrýmist forskriftunum sem varða hleðslugetu sem settar eru fram í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 223, 11.9.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2025 frá 7. febrúar 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2380 frá 23. nóvember 2022 um breytingu á tilskipun 2014/53/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði (Stjtið. ESB L 315, 7.12.2022, bls. 30).

- 5) Samkvæmt forskriftunum, sem settar eru fram í I. hluta I. viðauka a við tilskipun 2014/53/ESB, eiga flokkar eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar, sem taldar eru upp í viðaukanum og hægt er að endurhlaða með hleðslusnúru, að vera útbúnar með USB-C-tengi, eins og lýst er í staðlinum EN IEC 62680-1-3:2021 *Universal serial bus interfaces for data and power – Part 1-3: Common components – USB Type-C® Cable and Connector Specification*. Samkvæmt forskriftunum, sem settar eru fram í I. hluta I. viðauka a við tilskipun 2014/53/ESB, eiga flokkar eða tegundir þráðlauss fjarskiptabúnaðar, sem taldar eru upp í þeim viðauka og hægt er að endurhlaða með hleðslusnúru við spennu sem er hærri en fimm volt, rafstraum sem er hærri en þrjú amper eða afl sem er hærri en 15 vött, þar að auki að vera búnar USB-aflgjafa eins og lýst er í staðlinum EN IEC 62680-1-2:2021 *Universal serial bus interfaces for data and power – Part 1-2: Common components – USB Power Delivery specification*.
- 6) Hinn 5. september 2022 gaf Alþjóðaraftækninefndin (IEC) út staðalinn IEC 62680-1-2:2022 *Universal serial bus interfaces for data and power – Part 1-2: Common components – USB Power Delivery specification* og staðalinn IEC 62680-1-3:2022 *Universal serial bus interfaces for data and power – Part 1-3: Common components – USB Type-C® cable and connector specification*. Báðir þeir staðlar innihalda uppfærðar forskriftir.
- 7) Hinn 14. október 2022 samþykktu Rafstaðlasamtök Evrópu (Cenelec) þessa tvo IEC-staðla sem Evrópustaðla (EN), sem voru gefnir út 5. september 2022, með staðlinum EN IEC 62680-1-2:2022 *Universal serial bus interfaces for data and power – Part 1-2: Common components – USB Power Delivery specification* og staðlinum EN IEC 62680-1-3:2022 *Universal serial bus interfaces for data and power – Part 1-3: Common components – USB Type-C® cable and connector specification*.
- 8) Til að tryggja aðlögun að tækniframförum er nauðsynlegt að breyta tilvísunum í staðalinn í 2. lið I. hluta I. viðauka a við tilskipun 2014/53/ESB varðandi hleðslutengi og kapla til nota við hleðslu með hleðslusnúru, í samræmi við staðalinn EN IEC 62680-1-3:2022.
- 9) Einnig er nauðsynlegt að breyta tilvísunum í staðalinn í 3. lið I. hluta I. viðauka a við tilskipun 2014/53/ESB varðandi hleðslusamskiptareglur um hleðslu með hleðslusnúru við spennu sem er hærri en fimm volt, rafstraum sem er hærri en þrjú amper eða afl sem er hærri en 15 vött, í samræmi við staðalinn EN IEC 62680-1-2:2022.
- 10) Því ætti að breyta tilskipun 2014/53/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. hluta I. viðauka a við tilskipun 2014/53/ESB er breytt sem hér segir:

- 1) Í lið 2.1 kemur „EN IEC 62680-1-3:2022“ í stað „EN IEC 62680-1-3:2021“.
- 2) Í lið 2.2 kemur „EN IEC 62680-1-3:2022“ í stað „EN IEC 62680-1-3:2021“.
- 3) Í lið 3.1 kemur „EN IEC 62680-1-2:2022“ í stað „EN IEC 62680-1-2:2021“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júní 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
